





SVEITARFÉLAGIÐ ÖLFUS

Aðalskipulag 2010-2022

Aukin vatnsvernd í landi Reykja og Sogns.



Breytt Aðalskipulag Ölfuss 2010-2022 í mkv. 1:50.000.



Gildandi Aðalskipulag Ölfuss 2010-2022 í mkv. 1:50.000.

SKÝRINGAR

Landbúnaðarsvæði		Gönguleiðir	
Verslunar- og þjónustusvæði		Megin reiðleiðir	
Opin svæði til sérstakra nota		Háspennulínur 33-132 kV	
Óbyggð svæði		Sveitarfélagamörk	
Fristundasvæði		Stofnvegir	
Stofnanasvæði		Aðrir vegir, til skýringar	
Íbúðarsvæði		Vatnsból	
		Grannsvæði vatnsbóla	

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá _____ með athugasemdafresti til _____

Tillagan var kynnt dags. _____

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá _____ með athugasemdafresti til _____

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda _____

Aðalskipulagsbreyting þessi var samþykkt af sveitarstjórn Ölfuss, samkvæmt 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þann _____

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____

GREINARGERÐ

1. INNGANGUR

Sveitarfélagið Ölfus vinnur að breytingu á Aðalskipulagi Ölfus 2010-2022 í samræmi við 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Lýsing vegna breytingarinnar var kynnt í nóv. 2016 og send til umsagnaraðila. Engar athugasemdir eða ábendingar bárust vegna tillögunnar.

Með breytingunni verður gert ráð fyrir þremur nýjum vatnsbólum í hlíðum Lambhagahnjúks og að grannsvæði stækki í landi Reykja og Sogns.

Markmiðið með breytingunni er að afla meira vatns til að tengja inn á vatnsveitu sem kallast Berglind.

2. LÝSING SVÆÐIS

Svæðið sem um ræðir er í suðurhlíðum Lambhagahnjúks og hallar til suðurs og suðvesturs. Um svæðið liggja göngu og reiðleiðir. Í gildandi aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem opið svæði og landbúnaðarsvæði.

3. BREYTING AÐALSKIPULAGS

Aðalskipulag Ölfus 2010-2022 var staðfest af Umhverfisráðherra 30. ágúst 2012. Gerð er breyting á sveitarfélagsupprætti. Bætt er inn þremur nýjum vatnsbólum og grannsvæði stækkað. Leitað hefur verið ráðgjafar hjá ÍSOR og hafa þeir sett fram hugmyndir um staðsetningu nýrra vatnsbóla og afmörkun grannsvæðis: "Berglind í Ölfusi. Vangaveltur um aukna vatnsvernd vegna áforma um nýtt vatnsból" dags. 7. júní 2016. Staðsetning nýrra vatnsbóla og afmörkun grannsvæðis byggir á þessari skýrslu. Gerð er breyting á uppdrætti sem sýnir staðra vatnsverndarsvæði í flokki II og þrjú ný vatsból.

4. UMHVERFISSKÝRSLA

Gerð er grein fyrir þeim umhverfispáttum sem líklegt er að verði fyrir áhrifum af breytrri stefnu aðalskipulags. Við matið er notast við þær skilgreiningar á vægi áhrifa sem fram koma í töflu hér að neðan. Hafa ber í huga nákvæmni áætlunarinnar þegar lagt er mat á vægi áhrifa. Ekki er gert ráð fyrir að breytingin hafi áhrif á minjar.

UMHVERFISPÆTTIR SEM AÐALSKIPULAGSBREYTINGIN HEFUR ÁHRIF Á

VALKOSTIR	Samfélag	Heilsa og öryggi	Náttúra og verndarsvæði
Breytt aðal-skipulag	Matvælaframleiðsla byggir á nægu og góðu vatni. Tryggir framboð á góðu neysluvatni til næstu ára. Vatnsvernd takmarkar land-nýtingu, m.a. möguleika til bygginga.	Mikilvægt fyrir heilsu íbúa að hafa aðgang að nægu og heilnaemu neysluvatni.	Þarf ekki að hafa áhrif.
Aðalskipulag 2010 - 2022	Engin áhrif.	Ekki tryggt nægilegt neysluvatn til lengri tíma.	Engin áhrif.

Jákvað áhrif Neikvæð áhrif Óveruleg áhrif Óviss áhrif

4. NIÐURSTAÐA SVEITARSTJÓRNAR

Þrátt fyrir að verndun eins og vatnsvernd, takmarki ávallt ýmsa þætti landnotkunar þá er svæðið nokkuð brattlent og lítt heppilegt til bygginga en hægt að nýta svæðið til ýmissa hluta s.s. útiveru, beitar og skógræktar. Nauðsynlegt er að hafa nægt neysluvatn og æskilegt að hafa skilgreind vatnsverndarsvæði og að huga að vatnsöflun til langrar framtíðar. Matvælaiðnaður stendur og fellur með góðu neysluvatni, ýmis þjónusta s.s. ferðaþjónusta er háð góðu og nægu neysluvatni auk þess sem íbúar þurfa gott vatn.

Umrætt svæði er því heppilegt til vatnsöflunnar auk þess sem það liggur nokkuð vel við núverandi veitukerfum.



STEINSHOLT

SVEITARFÉLAGIÐ ÖLFUS

Aðalskipulagsbreyting

Suðurlandsvegi 1-3 850 Hella. S. 487 7800 www.steinsholtsf.is	Verk: 8717 SA103A	Dags: 21.06.2016
Mkv: 1:50.000		Breytt:
Blaðstærð: A3		

Hannað: GG, ÁJ, IS

Teiknað: IS

Samþykkt:

TILLAGA